

## **Dómur Áfrýjunardómstóls KSÍ**

Ár 2020, miðvikudaginn 20. nóvember kl. 10:30, er dómþing áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands háð á skrifstofu Knattspyrnusambandsins í Laugardal, af Sigurði G. Guðjónssyni dómsformanni, Evu B. Helgadóttur og Jóhannesi Alberti Sævarssyni.

Fyrir er tekið:

Mál nr. 2/2020

Knattspyrnudeild KR

gegn

Stjórn KSÍ

Í málinu er nú kveðinn upp svohljóðandi

### **dómur**

#### **I**

Mál þetta dæma Sigurður G. Guðjónsson, Eva B. Helgadóttir og Jóhannes Albert Sævarsson.

Úrskurður í máli nr. 11/2020 var kveðinn upp 16. nóvember 2020, og er úrskurðarorð hans svohljóðandi:

*„Máli þessu er vísað frá.“*

Úrskurðinum var skotið til áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands með kæru dags. 19. nóvember 2019 og þess krafist aðallega að ákvörðun stjórnar KSÍ frá 30. október 2020 um að hætta keppni í Íslandsmótum og bikarkeppni KSÍ verði felld úr gildi en til vara að áfrýjaður úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir nefndina að taka málið til efnislegrar meðferðar.

Réttarágreiningur máls þess lýtur að ákvörðun stjórnar KSÍ dags. 30. október 2020 um lyktir Íslandsmóts í knattspyrnu karla og bikarkeppni KSÍ, sem áfrýjandi telur að samrýmist ekki lögum og reglum um starfsemi stefnda.

## II.

Í grein 39.1 í lögum KSÍ segir að aga- og úrskurðarnefnd KSÍ og áfrýjunardómstóll KSÍ hafa fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum sem koma upp innan vébanda Knattspyrnusambands Íslands, sem varða lög og reglugerðir KSÍ eftir því sem við á. Knattspyrnudeild KR kærði til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ ákvörðun stjórnar KSÍ dags. 30. október s.l. um að ljúka keppnishaldi í knattspyrnu tímabilið 2020. Í kæru til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ er því haldið fram af áfrýjanda að með ákvörðun stjórnar KSÍ sé farið á skjön við lög og reglugerðir KSÍ.

Í niðurstöðu aga- og úrskurðarnefndar KSÍ í máli 12/2020 kemur m.a. fram: *„Af framangreindum ákvæðum reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál leiðir að ekki er gert ráð fyrir að ákvarðanir sem teknar eru af KSÍ eða í þessu tilfalli stjórn KSÍ sæti kæru til aga- og úrskurðarnefndar nema sérstök heimild liggi til þess í lögum eða reglugerðum KSÍ. Af hálfu kæranda hefur ekki verið vísað til slíkra heimilda og brast kæranda samkvæmt framangreindu heimild til þess að kæra KSÍ enda getur það ekki verið varnaraðili málsins, sbr. gr. 7.4 reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Fær þetta jafnframt stoð í dómi áfrýjunardómstóls KSÍ í máli nr. 1/2016.“*

Í máli þessu er ekki um að ræða mál af sama meiði og fjallað var í kærumáli knattspyrnudeildar Stjórnunnar fyrir aga- og úrskurðarnefnd og síðar fyrir áfrýjunardómstólnum í máli nr. 1/2016 þótt sömu málsástæður kunni að einhverju leyti að vera sambærilegar. Í máli nr. 1/2016 var kærð ákvörðun mótanefndar Knattspyrnusambands Íslands. Ákvarðanir mótanefndar sæta kæru til stjórnar Knattspyrnusambands Íslands. Þeirra reglna hafði ekki verið gætt.

Samkvæmt reglum Knattspyrnusambands Íslands fer aga- og úrskurðarnefnd annars vegar og áfrýjunardómstóll Knattspyrnusambands Íslands hins vegar með dómsvald í öllum málum sem kom upp innan vébanda knattspyrnusambandsins og varða málefni sambandsins, aðildarféлага gegn sambandinu og málefni leikmanna, þjálfara, liðstjóra, umboðsmanna og öðrum þeim sem eru innan vébanda aðildarféлага Knattspyrnusambands Íslands, sbr. grein 39.2. í lögum KSÍ.

Með vísan til framangreinds ber aga- og úrskurðarnefnda, sem fyrra dómstigs innan vébanda Knattspyrnusambands Íslands, að taka mál áfrýjanda til efnislegrar meðferðar, og er því úrskurður í máli nr. 11/2020 sem kveðinn var upp 16. nóvember 2020 felldur úr gildi. Hvor aðili beri kostnað sinn af málinu.

**Dómsorð:**

Hinn áfrýjaði úrskurður er felldur úr gildi og málinu vísað til aga- og úrskurðarnefndar Knattspyrnusambands Íslands til efnismeðferðar.

Sigurður G. Guðjónsson [sign]

Eva B. Helgadóttir [sign]

Jóhannes Albert Sævarsson [sign]